

Sp. 25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um umbætur í málefnum aldraðra.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Pétur Sigurðsson, Guðrún Helgadóttir,
Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að í áætlanagerð um málefni aldraðra fyrir landið í heild samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 91 1982, verði lögð til grundvallar úttekt á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra sem náí til eftirtalinna þátta:

1. húsnæðis- og vistunarmála,
2. félagslegrar stöðu,
3. framfærslukostnaðar og fjárhagslegrar afkomu,
4. atvinnu með tilliti til hlutastarfa.

Úttekt þessi skal unnin af samstarfsnefnd um málefni aldraðra í samráði við Tryggingastofnun ríkisins. Á grundvelli hennar skal leggja fram heildaráætlun um skipulegt átak og forgangsverkefni í hagsmunamálum aldraðra á næstu árum sem tryggi betur en nú er félagslegt öryggi og fjárhagsafkomu aldraðra, sem og húsnæðisaðstöðu og atvinnu við hæfi aldraðra sem þess óska.

Kostnaður greiðist af Tryggingastofnun ríkisins og Framkvæmdasjóði aldraðra að fengnu samþykki heilbrigðisráðherra, sbr. 6. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra.

Greinargerð.

Meginmarkmið þessarar þingsályktunartillögu er að fram fari ítarleg úttekt á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra hér á landi og slík úttekt yrði síðan grundvöllur að skipulagðri áætlanagerð um umbætur í hagsmunamálum aldraðra á næstu árum.

Mikil breyting hefur orðið á allri þjóðfélagsgerðinni á undanförunum árum, svo sem atvinnuháttum, samfara síauknum kröfum um endurmenntun í atvinnulífnum, erfiðleikum í

framfærslu heimilanna, aukinni atvinnuþátttöku kvenna og kröfunni um jafnrétti kynjanna, svo að eitthvað sé nefnt. Þessi þróun hefur á margvíslegan hátt breytt stöðu aldraðra í þjóðfélaginu. Ýmsir þættir í þjóðfélagsgerð liðinna ára, sem áður veittu öldruðum stuðning og öryggi og gáfu lífinu gildi á elliárum, hafa því breyst og þótt annað hafi komið í staðinn og ýmislegt hafi áunnist er margt sem bendir til þess að öryggisleysi aldraðra á ýmsum sviðum í þjóðfélaginu hafi vaxið og uppbyggingin í málefnum aldraðra hafi ekki fylgt eftir sem skyldi breyttri þjóðfélagsgerð.

Á vettvangi frjálsra félagasamtaka, svo og af hálfu stjórnvalda, hafa unnist áfangasigrar í baráttumálum aldraðra og skref verið stigin sem ætlað er að tryggja velferð aldraðra. Má þar einkum nefna nokkra uppbyggingu og þjónustu á dvalarstofnunum aldraðra, svo og lög um málefni aldraðra sem samþykkt voru á Alþingi á árinu 1982, en markmið þeirrar löggjafar var einkum að tryggja betra skipulag heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu við aldraða.

Þó að ýmis mikilvæg ákvæði sé að finna í þeirri löggjöf verður ekki sagt að hún hafi enn markað í framkvæmd nein þáttaskil í málefnum aldraðra þar sem ýmis mikilvæg ákvæði hennar hafa ekki komið til framkvæmda og ekki verður séð að nein breyting sé þar í vændum.

Þar sem markmið þessarar þingsályktunartillögu er að gera heildarúttekt á stöðunni í málefnum aldraðra og leggja hana til grundvallar í heildaráætlanagerð um skipulag og bætt kjör aldraðra er nauðsynlegt að gera hér nokkra grein fyrir núverandi skipulagi þessara mála, svo og stöðunni eins og hún verður best skilgreind.

Núverandi skipulag.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra, sem stofnsett var með samþykkt laga um málefni aldraðra 1982, er sá aðili af hálfu hins opinbera sem hefur það verkefni með höndum að vera skipulags- og samræmingaraðili í málefnum aldraðra. Verkefni samstarfsnefndarinnar er að hafa frumkvæði að áætlanagerð og stefnumótun er lýtur að heilbrigðis- og félagslegri þjónustu og vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka er starfa að málum aldraðra. Auk þess má nefna að samstarfsnefndin hefur með höndum að gera tillögur hverju sinni um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra sem ætlað er að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða.

Skipulag þjónustu er einnig í höndum stjórnar heilsugæslustöðvar og félagsmálaráða í hverju heilsugæsluumdæmi en verkefni þeirra er m. a. að skipuleggja öldrunarþjónustu í umdæmi sínu í samráði við forstöðumenn einstakra þátta þjónustunnar.

Samkvæmt lögum um málefni aldraðra á að vera starfandi við hverja heilsugæslustöð þjónustuhópur aldraðra sem hefur það verkefni að meta vistunarpörf aldraðra í umdæminu, að fylgjast með heilsufarslegri og félagslegri velferð aldraðra og sjá til þess að aldraðir á svæðinu fái þá þjónustu sem þeir þarfnast.

Þá má nefna til sögunnar Öldrunarráð Íslands sem starfar á vettvangi frjálsra félagasamtaka en aðild að því eiga landssamtök sem vinna m. a. að bættum kjörum aldraðra, stofnanir sem vinna að úrlausnum öldrunarmála um land allt og félög og stofnanir sem starfa innan landshluta, m.a. að hagsmunamálum aldraðra.

Fjárhagsleg staða.

Samkvæmt upplýsingum kjararannsóknarnefndar er hækkun framfærslukostnaðar 1. janúar 1983 til 1. september 1984 82,8%. Grunnlífeyrir almannatrygginga hefur á sama tíma hækkað um 44,9%. Ellilífeyrir og tekjutrygging hafa á þessu tímabili hækkað um 60,3%. Svo mikil skerðing, sem orðið hefur á framfærslueyri þeirra öldruðu sem við verst kjör búa, getur vissulega haft víðtæk áhrif á hag og afkomu þessa fólks.

Ótrúlega stór hópur aldraðra hefur ekki úr neinu að spila nema lífeyri almannatrygginga. Það sést best á eftirfarandi upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins.

Í september s.l. voru greiðslur tekjutryggingar til aldraðra hjá Tryggingastofnuninni með eftirfarandi hætti:

Reykjavík:

2335 aldraðir fengu skerta tekjutryggingu.

3292 fengu óskerta tekjutryggingu.

3534 fengu enga tekjutryggingu.

Landið í heild:

5202 aldraðir fengu skerta tekjutryggingu.

8198 fengu óskerta tekjutryggingu.

5888 fengu enga tekjutryggingu.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands var fjöldi 67 ára og eldri í árslok 1983 20 796. Ef lítið er á tölur Tryggingastofnunar ríkisins **má ráða af þeim að tæplega 40% 67 ára og eldri á Íslandi hafa einungis til framfærslu lífeyri almannatrygginga.** Sem dæmi um hvað lítið er í raun vitað um þennan stóra hóp aldraðra, sem einungis hefur lífeyri almannatrygginga sér til framfærslu, má nefna eftirfarandi:

Til að fá óskerta tekjutryggingu mátti einstaklingur þann 1. sept. s.l. hafa að hámarki launatekjur eða lífeyrissjóðsgreiðslur að upphæð kr. 41 670 kr. á ári. Tryggingastofnun ríkisins hefur engar upplýsingar um hve margir af þessum 8200 einstaklingum hafa tekjur upp að frítekjumarkinu (41 670 kr. eða 3472 kr. á mánuði) eða þá hvernig sú tekjuskipting er innbyrðis milli þessa hóps. Engin úttekt hefur verið gerð á félagslegri stöðu þessa fólks, til að mynda húsnæðisaðstöðu, hve stór hluti þessara 8200 elli lífeyrisþega býr í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði eða hvernig afkomu þeirra eða framfærslumöguleikum sé að öðru leyti háttáð en úttekt þeirri, sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir, er ætlað að leiða það í ljós.

Vistunarmál.

Óhætt er að fullyrða að neyðarástand ríki í vistunarmálum aldraðra, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Það segir sína sögu að á sama tíma 900 umsóknir liggja fyrir hjá Reykjavíkurborg um vistunarrými fyrir aldraða skuli aðeins vera í byggingu eitt vistheimili í Hjallaseli sem áætlað er að taka í notkun á árinu 1985 eða 1986. Það veitir aðeins 70—80 öldruðum úrlausn. Talið er að af 900 öldruðum, sem biða eftir vistunarrými á höfuðborgarsvæðinu, séu 300 þeirra í mjög brýnni þörf fyrir úrræði og mál þeirra þoli enga bið. Athyglisvert er einnig að tæplega 150 þeirra, sem á biðlista eru eftir vistunarrými, eru 86 ára og eldri.

Í grein, sem Þórir S. Guðbergsson, ellimálafulltrúi Reykjavíkurborgar, ritar í Morgunblaðið 31. maí 1984, kemur fram að um 320 þeirra, sem á biðlista eru, búi enn í leiguhúsnæði á almennum markaði og tugir manna í þessum aldurshópi eigi sífellt á hættu á hverju ári að verða sagt upp húsnæði og búi því við stöðugt atvinnuleysi. Að auki má ætla að húsaleigan vegi þungt í framfærslubyrði aldraðra, ekki síst á almenna markaðinum og ekki er óvarlegt að áætla að 50—70% af lífeyri aldraðra úr almannatryggingum fari í húsnæðiskostnað.

Í sömu grein Þóris S. Guðbergssonar kemur einnig fram að margir, sem á biðlista eru, eigi sínar eigin íbúðir eða sitji í óskiptu búi en geti nánast ekki lengur verið heima vegna lasleika eða öryggisleysis.

Starfslok.

Í riti Þóris S. Guðbergssonar, „Pegar ég eldist“, er vitnað til könnunar sem gerð var af Jóni Björnssyni sálfræðingi fyrir félagsmálaráð Reykjavíkur á árunum 1974—1975. Þar segir svo:

„Þá kom fram í áðurnefndri könnun að flestir virðast hætta að stunda launavinnu af illri nauðsyn en ekki samkvæmt eigin ósk. Eldra fólk heldur í vinnuna dauðahaldi af ýmsum ástæðum. Bætur almannatrygginga duga ekki til lífsframfæris nema við bestu aðstæður svo að margt eldra fólk er beinlínis nauðbeygt til þess að halda í nokkrar vinnutekjur.

Tekjuskattur knýr marga til þess að halda áfram vinnu. Ýmsar félagslegar og sálrænar ástæður eru þó síst léttvægari heldur en hinar fjárhagslegu. Eldra fólki, sem vissulega er af mjög vinnusamri kynslóð sem lítið hefur þekkt til tómstunda, finnst að drjúgur hluti manngildisins felist í því að geta séð fyrir sér sjálfur og vera ekki upp á aðra kominn. Margir óttast einangrunina þegar lítið er á vinnuna o.s.frv., sakna vinnufélaganna, tilbreytingarinnar og þeirrar lífsfyllingar sem vinnan gefur.“

Í þessari mynd, sem Jón Björnsson dregur upp af viðhorfum eldra fólks til starfsloka, felst örugglega mikill sannleikur sem stjórnvöldum ber skylda til þess að gefa gaum. Hvaða áhrif hefur það á aldrað fólk við sæmilega heilsu og með löngun til að stunda vinnu við sitt hæfi þegar það skyndilega er rífið burt af vinnumarkaðinum vegna laga og reglna sem sveitarfélög eða einstök fyrirtæki hafa sett? Á því hefur engin könnun verið gerð.

Hlutastörf.

Í könnun Jóns Björnssonar sálfræðings á vinnugetu og atvinnumöguleikum aldraðra í Reykjavík á árunum 1974—1975, sem gefin var út 1976, eru settar fram tillögur um úrbætur í atvinnumálum aldraðra. Þar kemur fram að af fjölmörgum tillögum, sem settar eru fram til úrbóta, muni trúlega engin gagnast eins stórum hluta aldraðra í atvinnuvanda eins og ein sú kostnaðarminnsta sem þar er talin, þ.e. sú að skipta heilsdagsstörfum í hálf dagsstörf þar sem því yrði með góðu móti við komið.

Um þann þátt segir svo í umræddri könnun:

„Skipting heilsdagsstarfs í tvö hálf dags- eða hlutastörf er í fjölmörgum tilvikum einungis einfalt skipulagsatriði og unnt væri að margfalda framboð á hálf dagsvinnu án þess að það á neinn hátt rýrði afköst. Hið eina, sem á skortir að af þessu verði, er oft einungis frumkvæði. Með slíkri skiptingu starfa, þar sem því yrði með góðu móti við komið, væri stigið gífurlegt skref í þá átt að leysa atvinnuvanda aldraðs fólks og auka atvinnumöguleika því til handa. Tilkostnaður við slíka aðgerð miðað við gagnsemi hennar og notagildi er lítil sem enginn.“

Það er skoðun flm. þessarar þáttill. að þegar hugað er að þáttum, sem snúa að velferð og högum aldraðra, hljóti þessi þáttur einnig að þurfa að koma inn í myndina og það hljóti að verða kannað hvort ekki séu möguleikar, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, að leita leiða til að auka möguleika aldraðra á hlutastörfum, t.a.m. með endurskipulagningu starfa með þarfir aldraðra í huga. Með þeim hætti geta aldraðir með eðlilegri hætti en nú er aðlagast því að hætta þátttöku í störfum á vinnumarkaðinum og að auki verið þar lengur en ella en það gæti ekki síður verið verðmætt fyrir samfélagið en þá öldruðu.

Það er skoðun flm. þessarar þáttill. að fallist Alþingi á að fela ríkisstjórninni ítarlega úttekt á fjárhagsstöðu, afkomu og félagslegri stöðu aldraðra mundi slík úttekt auðvelda allar ákvarðanir og stuðla að aukinni velferð aldraðra í þjóðfélaginu.

Nauðsyn á heildarúttekt.

Ljóst er að ef vel á til að takast um uppbyggingu í málefnum aldraðra og tryggja á betur en nú er gert félagslegt öryggi og afkomu aldraðra er nauðsynlegt að þessir aðilar og aðrir þeir, sem að málefnum aldraðra starfa, hafi heildaryfirsýn yfir alla þá þætti sem lúta að velferð aldraðra í þjóðfélaginu til að markvisst og á skipulegan hátt sé hægt að leggja grunn að allri áætlanagerð sem tryggir betur öryggi og afkomu aldraðra í þjóðfélaginu. Þó að nokkur úttekt hafi verið gerð á stöðunni í vistunarmálum aldraðra, svo og ýmsum þjónustuþáttum sem oftast eru staðbundnir, hefur engin samræmd heildarúttekt verið gerð á vistunarþörf aldraðra á landinu öllu eða forgangsverkefnum á því sviði.

Sum sveitarfélög hafa reynt að glöggva sig almennt á stöðunni í málefnum aldraðra bæði fjárhagsafkomu og vistunar- og þjónustustörfum aldraðra, en engin heildarúttekt hefur þó

verið gerð á fjárhagsstöðu, afkomu, framfærslukostnaði né félagslegri stöðu aldraðra. Hér er þó um að ræða grundvallaratriði ef vinna á á farsælan hátt að málefnum aldraðra því að glögg yfirsýn og vitneskja verður að liggja fyrir um alla þætti sem lúta að kjörum og velferð aldraðra og um þær aðstæður sem aldraðir búa við hverju sinni.

Nú má segja sem svo að þeir sem gerst þekkja aðstæður aldraðra og helst hafa að þeim málum unnið telji sig þekkja það vel aðbúnað og kjör aldraðra að enga úttekt þurfi til leiðbeiningar og samræmingar á því sem gera þarf. Vitað sé að vistunarpörfin sé mikil og henni hvergi nærri fullnægt, lífeyrir almannatrygginga nægi hvergi nærri til framfærslu og húsnæðisaðstaða margra aldraðra sé bágborin. Vissulega er þetta sú mynd sem blasir við mörgum, bæði öldruðum, fjölskyldum þeirra og þeim sem að málefnum aldraðra vinna. Engu síður er það mat flutningsmanna að brýn nauðsyn sé ítarlegrar úttektar á þessum málum eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir til að hægt sé á markvissari hátt en verið hefur að leggja drög að skipulagi í áætlanagerð og forgangsverkefnum næstu ára og bættum kjörum og aðbúnaði aldraðra.

Tillaga þessi um umbætur í málefnum aldraðra var flutt á síðasta Alþingi, en varð þá eigi útrædd. Tillögugreinin nú er nokkuð breytt að því leyti að lagt er til að úttektin verði unnin í samráði við samstarfsnefnd um málefni aldraðra og verði tengd þeirri áætlanagerð sem nefndin á að vinna að samkvæmt lögum um málefni aldraðra. Nokkur könnun hefur farið fram á vegum nefndarinnar að því er vistunar- og húsnæðismál varðar, en ekki að því er varðar aðra þá þætti sem tillagan gerir ráð fyrir að kannaðir verði.

Ástæða er til að geta þess að á s.l. ári kom út skýrsla um málefni aldraðra á Norðurlöndum, en það er fyrsta skýrslan af þremur um viðtæka athugun á málefnum aldraðra á Norðurlöndum. Skýrsla þessi er unnin á vegum Norðurlandaráðs og stjórnað af embættismönnum í heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytum viðkomandi landa. Í fréttatilkynningu sem gefin var út á s.l. ári, þegar fyrsta skýrslan kom út, kemur eftirfarandi fram:

„Í þessari skýrslu er lýst ástandi í húsnæðismálum aldraðra, fjölskyldugerð hjá þessum aldurshópi og þjónustu innan og utan stofnana. Þetta er fyrsta athugun sinnar tegundar á þessu sviði þar sem gerður er samanburður á heilbrigðisþjónustu og félagslegri þjónustu fyrir aldraða á Norðurlöndum. Niðurstöður skýrslunnar sýna að talsverður munur er á öldrunarþjónustu á Norðurlöndum. Hvað Ísland varðar kemur fram að mjög skortir á allar upplýsingar um þau atriði sem athuguð voru og gerir það allan samanburð mjög erfiðan.“

Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því sem þarna kemur fram að *mjög skorti á allar upplýsingar um þessi mál hér á landi.*

Á síðasta Alþingi fékk allsherjarnefnd sameinaðs þings, sem hafði tillöguna til meðferðar, umsagnir frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Tryggingastofnun ríkisins, Samtökum aldraðra, Húsnæðisstofnun ríkisins og Öldrunarráði Íslands. Þessar umsagnir eru birtar til upplýsingar í fylgiskjölum með tillögunni en allir þessir aðilar mæltu með samþykkt tillögunnar á síðasta Alþingi.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 12. jan. 1985.

Eggert Haukdal alþm.,
Alþingi við Austurvöll.

Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um umbætur í málefnum aldraðra.

Undirritaður fagnar framkominni þáttill. vegna umbóta í málefnum aldraðra og telur að hraða þurfi framkvæmd margra ákvæða sem sett voru með lögum um málefni aldraðra fyrir tveimur árum.

Til áréttingar.

1. Húsnæðis- og vistunarmál

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra hefur að undanfögnu kannað framkvæmdir í húsnæðis- og vistunarmálum aldraðra víðs vegar um landið.

Margt hefur áunnist á þessu sviði í sveitarfélögum en nauðsynlegt er að gera ítarlega áætlun um framtíð þessara mála og kanna þróun með tilliti til fjölda aldraðra, þarfa þeirra, t.d. hvaða tegund húsnæðis og vistunar er þörf í umdæminu, hvernig standa dagvistarmál, heimaþjónusta o.s.frv.?

Rétt er einnig að athuga mjög gaumgæfilega reynslu annarra, eins og t.d. Grundar, Hrafnistu og Reykjavíkurborgar, af vernduðum íbúðum og vernduðum þjónustuíbúðum fyrir aldraða. Hvað hefur tekist vel? Hvaða reynsla hafa íbúarnir sjálfir?

Á frekar að byggja þjónustuíbúðir en vistheimili? Hvernig er reynsla nágrannaþjóða okkar á þessu sviði? O.s.frv.

Alkunna er t.d. að á höfuðborgarsvæðinu ríkir mikil neyð meðal margra aldraðra í húsnæðis- og vistunarmálum. En hve mikil er hún? Hversu mörg rúm á hjúkrunarheimili vantar til þess að sinna eftirspurn: Eftir hvaða upplýsingum á að fara og hvernig á að meta þörfina? O.s.frv.

2. Félagsleg staða

Félagsleg staða aldraðra hefur batnað á margan hátt á undanförunum árum og umræða á ári aldraðra m.a. breytt viðhorfi margra til efri áranna.

Félagsmiðstöðvar aldraðra hafa risið víða um land og á s.l. ári voru 15 ár síðan Reykjavíkurborg hóf félags- og tómstundastarf fyrir aldraða með margvíslegri félagslegri þjónustu. Hefur því ríkuleg reynsla fengist á þessu sviði eftir því sem árin líða.

En er þörf á fleiri þáttum? Er þörf á öðrum greinum? Hvað vilja aldraðir sjálfir?

Nauðsynlegt er að kanna nákvæmlega hvernig hefur gengið, hvað hefur tekist vel eða illa o.s.frv.

3. Framfærslukostnaður og fjárhagsleg afkoma

Óþarfi er að bæta miklu við þennan þátt þáttill. Algengt er á almennum leigumarkaði í Reykjavík að litlar tveggja herbergja íbúðir séu leigðar á bilinu 8—12 000 kr. og oft með fyrirframgreiðslu.

Stundum verður slæm fjárhagsafkoma aldraðra til þess að þeir fá lélegasta húsnæðið á markaðnum, risíbúðir, kjallaraíbúðir, herbergi með lélegri hreinlætisaðstöðu, bílskúra o.fl.

Skv. upplýsingum Tryggingastofnunarinnar fengu um 33% af öldruðum í Reykjavík á s.l. sumri óskerta tekjutryggingu og segir það sína sögu. Ellimáladeild FR fær einnig fjölda mála á hverju ári þar sem um einhverjar leiðréttingar er að ræða gagnvart TR.

Talsvert hefur verið um það á undanförunum árum að aldraðir hafa fengið afslátt á ýmsum sviðum. Þær raddir verða þó æ háværari sem vilja betri fjárhagslega afkomu en „minna með afslætti.“

Mörgum finnst vægast sagt óþægilegt að þurfa að sanna í tíma og ótíma hver maður sé, hvað maður sé gamall og hvað maður sé „fátækur“.

Margir telja því eðlilegt að eigi að breyta viðhorfi til aldraðra og efri áranna þurfi einnig breytingu á þessu sviði.

En hér eins og á svo mörgum sviðum höfum við aðeins „tilfinningu fyrir“ þessu, við „vitum hér um bil“. Hér þarf að athuga nánar.

4. Atvinna aldraðra og hlutastörf

Athyglisverð könnun Jóns Björnssonar sálfræðings bendir á afar marga þætti sem nauðsynlegt er að gefa nánari gaum.

Reynsla starfsmanna í öldrunarþjónustu styður einnig niðurstöður könnunarinnar úr Reykjavík, þ.e. að margir aldraðir eru lítt undirbúnir verkalokum og kvíða þeim jafnvel fremur en hitt eins og fram kemur einnig í könnun sem VR lét gera meðal aldraðra félagsmanna sinna árið 1983.

Nauðsynlegt má teljast að gera átak á þessu sviði og draga einnig lærdóm af reynslu og þekkingu nágrannalanda okkar í þessum efnum.

5. Ýmis atriði

Ýmis önnur atriði má benda á sem staðfesta nauðsyn þess að fram fari ítarleg könnun á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra.

- A. Nauðsynlegt er að kanna hvaða atriði nýju laganna hafa öðlast gildi og komið að gagni.
- B. Rétt er að benda á að ýmis ákvæði í lögum t.d. um ráðstöfunarfé í almennri vistdeild og sjúkraudeild hafa ekki tekið gildi enn eftir tvö ár frá setningu laganna.
- C. Enn eru ýmis ákvæði í lögum almannatrygginga um örorku og ellilífeyri sem breyta þyrfti til hagsbóta fyrir aldraða eins og t.d.:
 1. Ekkjur/ekklar fá ekki ekkna/ekklabætur þegar maki deyr þegar þær/þeir eru ellilífeyrisþegar.
 2. Ellilífeyrisþegi, sem legið hefur fjóra mánuði samtals á sjúkrahúsi s.l. 24 mánuði, missir lífeyri sinn, jafnvel þó að hann þurfi áfram að greiða fyrir húsnæði og opinber gjöld og sé eða hafi verið fyrirvinna heimilisins. Oft er þetta einnig erfið tilhugsun fyrir deyjandi fólk.
 3. Nefna má einnig vistmenn á vistheimilum sem e.t.v. hafa haft niðurfellingu á gjaldi fyrir síma en verða að greiða afnotagjöld að fullu vilji þeir hafa síma á vistheimilum.
 4. Breyta þarf sem fyrst reglum um ráðstöfunarfé á vistdeildum og sjúkraudeildum.
 5. Setja þarf félags- og tómsundastarf aldraðra undir ákvæði um endurgreiðslur ríkisins til jafns við heimaþjónustu, svo mikilvægur forverndarþáttur sem félagsstarfið er í raun.
- D. Koma þarf í lög ákvæðum um endurmenntun og námsflokkakerfi aldraðra þar sem sveitarfélögum og félögum eða einstaklingum er gert kleift að standa fyrir ýmiss konar menningar- og menntunarstarfsemi fyrir aldraða.

Lögd er mikil áhersla og réttmæt á að leysa málefni þeirra sem verst eru settir en ekki má gleyma meiri hlutanum.
- E. Kanna þarf hvort eigi væri mögulegt og rétt meðan enn eru svo margir aldraðir sem ekki eiga sitt eigið húsnæði að húsaleigustyrkur fengist frá Tryggingastofnun ríkisins enda yrði það aðeins tímabundið.
- F. Nauðsynlegt má teljast að taka mið af reynslu starfsmanna í öldrunarþjónustu þegar lög og breytingar verða skoðaðar að nýju en ekki síður að leita ráða hjá öldruðum sjálfum og setja t.d. á laggirnar þriggja til fimm manna öldungaráð sem ráðgjafarnefnd.

Að ofansögðu vil ég leggja áherslu á að þáttill. fái afgreiðslu sem allra fyrst og sendi hér með niðurstöður á könnun á högum aldraðra 65 ára og eldri í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur sem sýnir glögglega að margt er enn ógert í málefnum aldraðra og ber að hraða úrbótum.

Virðingarfyllt,
Þórir S. Guðbergsson,
ellimálafulltrúi Reykjavíkurborgar.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 17. jan. 1985.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.
b/t Eggerts Haukdals alþm.,
Alþingishúsinu.

Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrisdeild, hefur athugað tillögu til þingsályktunar um umbætur í málefnum aldraðra, 64. mál, 107. löggjafarþing 1984.

Eins og segir í greinargerð er meginmarkmið þingsályktunartillögunnar það að fram fari ítarleg úttekt á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra hér á landi og slík úttekt verði síðan grundvöllur að skipulagðri áætlunargerð um umbætur í hagsmunamálum aldraðra á næstu árum.

Á grundvelli úttektarinnar verði síðan unnið að því að bæta kjör aldraðra í landinu.

Lífeyrisdeildin telur að mikill fræðilegur fengur verði að slíkri úttekt. Niðurstöður verði síðan notaðar við endurskoðun á lífeyrstryggingakafla almannatryggingalaga.

Virðingarfyllst,
f.h. lífeyrisdeildar
Tryggingastofnunar ríkisins,
Hilmar Björgvinsson deildarstjóri.

Fylgiskjal III.

Reykjavík, 17. des. 1984.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.
Eggert Haukdal alþm.,
Alþingishúsinu,
Reykjavík.

Við höfum móttengið bréf ykkar, dags. 4. des., þar sem óskað er eftir umsögn Samtaka aldraðra um tillögu til þingsályktunar um að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar fara fram ítarlega úttekt á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra og nái hún a.m.k. til fjögurra mikilvægra þátta sem fram eru dregnir.

Við höfum nú rætt ítarlega um tillöguna ásamt greinargerð hennar, mælum eindregið með henni og væntum, að hún verði sem fyrst samþykkt og nái fram að ganga. Teljum við þá öruggt að málefni aldraðra mundu brátt horfa betur á ýmsum sviðum.

Tvennt er það sem við vildum gjarna mega bæta hér við. Hið fyrra er um *starfslok* og *hlutastörf* sem vikið er ágætlega að og af næmum skilningi í greinargerð.

Stjórn okkar hefur einmitt oft rætt um þessi atriði og telur að eitt af því allra mikilvægasta sem vinna þarf markvisst að fyrir alla lífeyrisþega, sem heilsu hafa og þess óska, sé að tryggja þeim hlutastörf við hæfi.

Í nokkrum tilfellum höfum við getað komið til móts við félag okkar í þessum efnum og höfum skrifað skeleggar greinar sem birst hafa í blöðum og tímaritum um þessi mál.

Hið síðara er að þegar samín verður reglugerð um framlög til málefna aldraðra má það ekki gleymast að frjáls félagsamtök eigi engu að síður skilið en sveitarfélög að þeim sé rétt hjálparhönd til þjónustuaðstöðu fyrir aldraða þegar hægt er að sanna að þau starfa á félagslegum grunni.

Með virðingu og þökk.

F.h. stjórnar SA,
Hans Jörgensson, formaður.
Sigurður Gunnarsson,
gjaldkeri.

Fylgiskjal IV.

Reykjavík, 28. febr. 1985.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.
Eggert Haukdal alþm.

Erindi yðar í bréfi dags. 4. des. s.l. varðandi tillögu til þingsályktunar um umbætur í málefnum aldraðra var fram lagt á fundi húsnæðismálastjórnar hinn 12. des. s.l. Á fundi hennar í gær var það tekið fyrir öðru sinni og nedangreind bókun samþykkt:

„Í tillögnum er lagt til, að ítarleg úttekt verði gerð á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra, m.a. á sviði húsnæðis- og vistunarmála. Sjálfsagt hafa ýmsar sveitarstjórnir vitneskju um stöðu þeirra mála, hver hjá sér, en tæpast þekkja þær allar til hlítar hver staðan er í húsnæðis- og vistunarmálum aldraðra. Og mikið vantar á, að ríkisvaldið hafi fullkomnar upplýsingar þar að lútandi. Það er hins vegar mikilvert, á þessu sviði húsnæðismálanna sem öðrum, að sem fullkomnastar upplýsingar liggi fyrir, bæði vegna þess fólks sem í hlut á og eins vegna þeirra miklu fjármuna sem tengjast því og mikilvægt er að ráðstafað sé með sem hagkvæmustum hætti. Með tilliti til þessa er mælt með samþykkt tillögunnar.“

Þetta tilkynnist yður hér með.
Virðingarfyllst,
f. h. húsnæðismálastjórnar,
Sigurður E. Guðmundsson.

Fylgiskjal V.

Reykjavík, 28. des. 1984.

Til allsherjarnefndar
sameinaðs Alþingis.
b/t Eggerts Haukdals alpm.

Varðandi tillögu til þingsályktunar í málefnum aldraðra.

Eftir að bréf allsherjarnefndar, dags. 4. þ.m., barst Öldrunarráði Íslands þar sem óskað var umsagnar ráðsins um ofangreinda þingsályktunartillögu var ákveðið að ræða efni tillögunnar við Þorbjörn Broddason, lektor í félagsvísindadeild Háskóla Íslands, og leita umsagnar hans. Í dag afhenti Þorbjörn álitserð sína og fylgir hún hér með.

Ráðið er Þorbirni sammála um nauðsyn þess að allsherjarúttekt sé nú gerð á högum aldraðra hér á landi. Að undanförunu hafa all margar staðbundnar kannanir verið gerðar á högum aldraðra að frumkvæði sveitarstjórna eða félaga, t.d. Rauða krossins og nú síðast Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Enda þótt kannanir þessar eigi margt sameiginlegt þá eru frávik þeirra svo mikil að af þeim væri naumast unnt að fá glögga heildarmynd. Vegna þess er nú mjög æskilegt að gerð verði samtímis á öllu landinu heildarkönnun á nægilega fjölmennu úrtaki aldraðra til þess að niðurstöður geti gefið glögga vísbendingu um kjör þeirra.

Nánar aðspurður um hugsanlega könnun taldi Þorbjörn Broddason að um 600 manna úrtak yrði talið nægilegt. Hann taldi að félagsvísindadeild Háskólans mundi geta framkvæmt könnunina fyrir fjármuni sem væru að lágmarki 500 þúsund krónur en milljón að hámarki. Enda þótt hér sé um lauslegar ágiskunartölur að ræða virðist auðsætt að marktæk heildarkönnun á lífsaðstöðu aldraðra Íslendinga verður ekki framkvæmd án þess að til hennar sé varið verulegum fjárhæðum. Það er einnig ljóst að þrátt fyrir þær afmörkuðu kannanir, sem gerðar hafa verið á ýmsum tímum á félagslegri stöðu aldraðra, þá er nú tími til þess kominn að heildarkönnun verði gerð þar sem reynt verði að fá óyggjandi svör við þeim fjórum meginatriðum sem flutningsmenn tillögunnar nefna, auk annarra sem einnig hlýtur að verða fróðlegt að fá vitneskju um frá hinum öldruðu sjálfum.

Síðaxandi hópur aldraðra bíður þess nú að þeir sem yngri eru sameinist um leiðir til þess að létta byrði elliáranna. Enda þótt þeir, sem enn eru í blóma lífsins, geti oft farið nærri um hvar einkum sé þörf liðveislu þá er áreiðanlega öruggara að spyrja hina öldnu sjálfa hvaðan þeir telji sig einkum þurfa á hjálp að halda til að geta notið elliáranna. Þess vegna er könnun á högum þeirra nauðsynleg. Að henni lokinni þarf að taka til við að sameina kraftana um að veita þá aðstoð sem eftir verður leitað.

Virðingarfyllst,
f. h. Öldrunarráðs Íslands,
Sigurður H. Guðmundsson,
formaður.

Álitsgerð Þorbjarnar Broddasonar.

Tillaga þingmanna Alþýðuflokksins til þingsályktunar um málefni aldraðra á rætur að rekja til þess að raunverulegur og hlutfallslegur fjöldi aldraðra fer ört vaxandi vegna aukins langlífis þjóðarinnar. Jafnframt hefur þróun atvinnumála verið á þann veg að sífellt verður óhægara fyrir aldraða að ganga til starfa með öðrum þegnum þjóðfélagsins. Loks hafa fjölskyldu- og heimilishættir breyst þannig að heita má að einkabústöðum mikils hluta þjóðarinnar sé lokað á morgnana á virkum dögum en þeir síðan opnaðir aftur á kvöldin. Þannig hafa hinir fullfrísku í hópi aldraðra glatað stöðu sinni á vinnumarkaði, en hinir hafa glatað því skjóli sem heimilin voru á þeim tíma þegar þau voru rekin allan sólarhringinn.

Full nauðsyn er á úttekt af því tagi sem gert er ráð fyrir í tillögunni og slík úttekt er vel framkvæmanleg. Henni mætti skipta í þrjá megináfanga: i) rækilega könnun á fyrirliggjandi staðtölulegum gögnum; ii) yfirlit um fyrri kannanir meðal aldraðra og helstu niðurstöður þeirra; iii) umfangsmikla viðtalakönnun sem tæki til nokkur hundruð einstaklinga á öllu landinu.

Fyrsti áfanginn er nauðsynlegur til þess að menn geti glöggvað sig á því sem vitað er nú þegar. Annar áfanginn mun fyrst og fremst nýtast til að leiða í ljós þau svið sem mestu máli skipta, skapa hugmyndir að aðferðum og spurningum og hindra tvíverknad og mistök. Fjöldi kannana hefur verið gerður sem hafa má mikil not af. Sem dæmi má nefna tvær mjög nýlegar kannanir, aðra á vegum Verslunarmannafélags Reykjavíkur en hina á vegum Borgarneshrepps. Við þessar kannanir virðast sömu megináhrif hafa verið höfð að leiðarljósi og koma fram í umræddri þingsályktunartillögu. Þriðji áfanginn er mikilvægastur og tímafrestastur. En hann er óumflýjanlegur vegna þess að naumast verður með nokkrum öðrum hætti grafist fyrir um þau vandamál sem þingsályktunartillagan fjallar um. Skilyrði aldraðra eru geysimismunandi, e.t.v. í ríkari mæli en nokkurs annars þjóðfélagshóps. Til hliðsjónar má hafa ýmsa aðra flokka sem okkur eru tungutamir svo sem „kona“, „Íslendingur“, „sjúklingur“ og okkur verður ljóst að flokkunarheitið „aldraður“ eitt sér er ákaflega lítið lýsandi.

Til þess að könnun náí tilgangi sínum verður hún að vera í formi persónulegra viðtala á heimilum þeirra sem lenda í úrtaki, en úrtakið verður að vera þannig valið að allir aldraðir hafi haft jafna möguleika til að lenda í því. Könnunin þarf að vera viðamikil í tvennum skilningi. Annars vegar verða spurningarnar að vera allitarlegar og spyrjandinn verður að geta gefið sér góðan tíma með hverjum viðmælanda, hins vegar verður úrtakið að vera allstórt sem stafar m.a. af því hversu sundurleitir hópur aldraðir eru svo sem fyrr greinir.

Undirbúning, framkvæmd og úrvinnsla könnunarinnar ætti að fela sérfróðum aðilum með reynslu á sviði kannana og tölvuvinnslu.